

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima 2021-2022

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Líkt og síðasta ár hefur þetta skólaár verið viðburðarríkt og litast af þeim áskorunum sem fylgdu takmörkunum á skólastarfi vegna Covid-19. Sem fyrr vann leikskólinn af fagmennsku og ávallt með hag og heilsu barnanna í leikskólanum að leiðarljósi. Á hverjum degi mættu börnunum öruggir, umhyggjusamir og brosandir kennarar sem við foreldramir erum óendanlega þakklát fyrir.

Auk faraldursins stóð leikskólinn frammi fyrir hinum ýmsu áskorunum og má þar nefna aukinn undirbúningstíma og styttingu vinnuviku. Stytting vinnuviku er flókið verkefni sem þarf að leysa og er það með öllu óskiljanlegt að auknu fjármagni sé ekki varið í þennan þátt og hvetjum við til þess að það verði endurskoðað.

Starf leikskólans einkennist af fagmennsku og alúð við þroska hvers barns fyrir sig. Hverju barni er mætt eins og það er, allir fá rými og allir fá að hafa rödd. Það er unun að fylgjast með kennurum leikskólans vinna að og þróa sífellt nýjar hugmyndir og hugsa út fyrir kassann. Börnin læra jú það sem fyrir þeim er haft og í Lyngheimum læra þau svo sannarlega gagnrýna og lausnamiðaða hugsun.

Virkilega spennandi var að fylgjast með samvinnu barnanna við að útbúa jólatré fyrir leikskólann og gaman að sjá að þessi útfærsla mæltist svo vel fyrir að áætlað er að endurtaka hana fyrir næstu jól.

Allskonar spennandi verkefni eru fram undan á næsta skólaári. Það verður gaman að fylgjast með vinnu á útikennslusvæði sem og spennandi að sjá hvert þróunar- og samstarfsverkefni við Þjóðminjasafnið leiðir. Einnig fögnum við aukinni samvinnu á milli leikskólans og heimila barnanna og við tökum fagnandi á móti bókapokum og öllum öðrum verkefnum enda eru foreldrar spenntir að taka loks fullan þátt í leikskólastarfinu eftir langan tíma takmarkana.

Leiðarljós Lyngheima, virðing, umhyggja og tillitssemi, eru vel sýnileg í starfi á öllum deildum. Í starfi leikskólans er fagmennskan í fyrirrúmi og eru Lyngheimar vel að því komnir að vera útnefndir Fyrirmyndar starfsstaður Skóla- og frístundasviðs og viljum við í foreldraráði, fyrir hönd allra foreldra barna í leikskólanum, óska kennurum skólans hjartanlega til hamingju.